

Fundur skipulags- og samgönguráðs 30. júní 2021:

Tillaga fulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata varðandi tilraunaverkefni um útleigu á rafskutlum – US210180

Skipulags og samgönguráð felur umhverfis- og skipulagssviði að hefja undirbúning tilraunaverkefnis vegna leigu á rafskutlum sem sérstaklega verði ætlað að þjóna fólki sem á erfitt með að ganga lengri vegalengdir. Þjónustuvæðið miðist við Laugaveg og göngusvæði í Kvosinni.

Greinargerð

Mikilvægt er að tryggja gott aðgengi allra að miðborginni, ekki síst að hinu sístækkandi göngusvæði innan hennar. Ein leið til þess er að fækka þrepum, slétta yfirborð, breikka hurðarop og fjölga römpum líkt og verið er að gera.

Umræða um aðgengi má ekki einskorðast við fólk sem notast við hjólastóla heldur verður að taka tillit til allra hópa. Einn hópur er til dæmi þeir einstaklingar sem eiga erfitt með að ganga lengri vegalengdir, t.d. fólk sem glímir við ákveðna hrörnunarsjúkdóma, sumt eldra fólk og fólk sem er að jafn sig eftir slys. Til að þjóna þeim hóp betur er lagt til að farið verði í tilraunaverkefni með útleigu á rafskutlum. Átt er við farartæki sem eru ætluð einum einstaklingi, eru stöðug, ráða við halla, eru með sæti og keyra á gangstéttum á gönguhraða. Þau þjóna því að jafnaði öðrum markaðshóp heldur en rafhlaupahjólin.

Eðlilegt er að hafa samband við innkaupaskrifstofu um útfærslu á tilraunaverkefninu. Mögulegt er að beina fyrirspurnum til þeirra aðila sem starfa á örflæðismarkaði sem og þeirra sem vinna við útleigu á slíkum tækjum nú þegar.

Umhverfis- og skipulagssviði er falið að vinna nánar að verkefninu en hugmynd tillöguflytjenda er að um væri að ræða 10-20 farartæki og að tilraunin gæti staðið yfir í 6-12 mánuði. Tilraunin gæti gefið mynd af markaðspörf og verið grundvöllur frekari útboða. Jafnframt er líklegt að umrædd þjónusta gæti staðið undir sér í fjálsri samkeppni til lengri tíma ef vinsældir hennar verða nægilegar.